

37. gr.

48

3. maí

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugjörð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema að hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

38. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

39. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með, sem almenn lögreglumál.

40. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. maí 1929, og er þá jafnframt úr gildi numin hafnarreglugjörð fyrir Neskaupþún frá 17. sept. 1926.

Reglugjörð þessi birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. maí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir „Þúfnavalla-
legat“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-
ráðherra 6. maí 1929. Skipulagsskráin er þannig:

49

6. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Þúfnavallalegat.

Þegar það fyrra okkar undirritaðra hjóna andast, skal taka 2000 — tvö þúsund — krónur af félagsbúi okkar og leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands til ævarandi ávöxtunar, samkvæmt þessari skipulagsskrá.

49

6. maí

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þúfnavallalegat.

2. gr.

Allir vextir og vaxtavextir skulu leggjast við höfuðstólinn þangað til árið 1955, nema ef eitthvað þyrfti af þeim að taka til viðhalds legstað okkar. Enda er viðhald hans fyrsta kvöð á legatinu.

3. gr.

Árið 1955 skal taka $\frac{4}{5}$ — fjóra fimtu hluta — af vöxtum þeim, sem safnast hafa næstliðin fimm ár, og verja þeim til verðlauna handa þeim ábúendum, sem á undanförnum árum hafa mest unnið að því að rækta og prýða jarðirnar: Þúfnavelli, Saurbæ, Baugasel og Féeggstaði. Skal þannig að farið fimmta hvert ár, þegar ártal stendur á fimm eða tíu.

Niðjar okkar sitja fyrir verðlaunum, meðan nokkur þeirra er ábúandi á einhverri ofanefndri jörð, og gildir það eins um konu manns, sem er ábúandi.

4. gr.

Nú verður það, að áðurnefndar jarðir ganga úr eign og ábúð niðja okkar, en þó eru einhverjir þeirra búsettir í Skriðuhreppi, eins og hann er nú. Skulu þá verðlaunin falla til þeirra annaðhvort tímabil, fyrir að rækta og prýða ábýlisjarðir sínar, en hitt tímabilið til ábúenda á áðurnefndum jörðum. Enn verður það að allir niðjar okkar hverfa úr hreppnum, — fer þá um verðlaunaveitingar samkvæmt þriðju grein.

5. gr.

Komi það fyrir, að eitthvert árabil verði eigi unnið á jörðunum neitt það, er þykir verðlaunavert, legst fé það, er þá fellur til útborgunar við höfuðstólinn sem óskerðanleg eign.

Verðlaununum má skifta, ef fleiri en einn hafa unnið til þeirra, og skal þá tekið tillit til allrar aðstöðu þeirra, er verðlaunaverð verk hafa leyst af hendi.

6. gr.

Stjórn legatsins skipa: hreppstjórinn í Skriðuhreppi, og er hann reikningshaldari og formaður stjórnarinnar, — annan tilnefnir valdsmaður Eyjafjarðarsýslu af niðjum okkar og sé hann búsettur í því takmarki, sem veitir vatni að Hörgárósi, — þriðja manninn kýs sveitarstjórn Skriðuhrepps, til fimm ára í senn. Verði stjórnin ekki fullskipuð á þennan hátt, nefnir valdsmaður Eyjafjarðarsýslu mann eða menn í stjórnina.

7. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um útbýting verðlauna og hvað til þeirra útheimtis. Hún sér um viðhald á legstað okkar, svo að hann sé ávallt í sómasamlegu standi. Hún ber ábyrgð á eignum og skjölum legats-

ins. Stjórnin skal halda gerðabók, sem í séu færðir árlegir reikningar þess, stutt en greinileg skýrsla yfir umbætur þær, sem verðlaun hljóta, svo og ættfærsla þeirra manna, ef þeir eru okkar niðjar. Ennfremur ættfærsla þess manns af niðjum okkar, sem stjórnina skipar í hvert sinn. — Þegar hver bók er útrituð, sendist hún landskjalasafninu til geymslu. 49
6. maí

8. gr.

Reikningsár legatsins er almanaksárið. Skulu meðstjórnendurnir endurskoða reikninginn árlega og rita á hann viðurkenningu sína. Að því búnu sendist hann valdsmanni sýslunnar, sem enn lætur endurskoða hann og úrskurða, og leggur hann síðan við skjalasafn sýslunnar.

9. gr.

Af vöxtum legatsins greiðist kostnaður við bækur og ritföng, er það þarfnast. Sömuleiðis þóknun til reikningshaldara, sem valdsmaður tiltekur. Og sér hann um að þessari skipulagsskrá sé ávallt hlýtt.

10. gr.

Leita skal konungs staðfestingar á þessari skipulagsskrá.

Guðm. Guðmundsson. Guðný Loftsdóttir.

SAMÞYKKT

um

síldarveiði með hrepínótum á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinnar línu er hugsast dregin frá Bjarnarnestöngum í Hnappasker í Hrútafirði, er öllum óheimil síldarveiði með herpinót á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Hreppsstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþykktar-svæðinu er sérstaklega falin umsjón með, að samþykkt þessari sé hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppsstjóri á heima í.